

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2020
UST202003-136/R.K.
04.00

Efni: Þingsályktunartillaga um þjóðaráttak í landgræðslu - 365. mál

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Umhverfisstofnun telur landgræðsla á svæðum þar sem gætir alvarlegs uppblásturs vera jákvæða og að binding kolefnis í jarðvegi sé af hinu góða. Þjóðaráttak með aðkomu almennings í landgræðslu er jákvæð að mati stofnunar en hafa þarf eftirfarandi í huga.

Í tillögunni er talað um að umhverfis- og auðlindaráðherra komi á „*samstarfi stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings*“. Ef um er að ræða svæði sem eru friðlýst minnir Umhverfisstofnun á að allar framkvæmdir á slíkum svæðum eru leyfis skyldar hjá stofnuninni og metið er í hverju tilfelli fyrir sig hvort landgræðsla samræmist verndarmarkmiðum.

Umhverfisstofnun telur jafnframt að ýmis svæði geta haft mikið gildi í því ástandi sem þau eru nú þó þau séu lítt eða ekki gróin t.d. ákveðnir sandar og auðnir á hálendinu. Umhverfisstofnun telur mjög brýnt að skilgreint verði nákvæmlega hvaða svæði skuli græða upp og hvernig. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að ekki verði litið á alla sanda og lítt gróin svæði eingöngu sem verkefni sem bíði uppgræðslu eða að þar sé búið til beitiland eingöngu með sáningu grasfræs og áburðargjöf.

Umhverfisstofnun telur að þegar kemur að landgræðslu sé mikilvægt að staðið sé vörð um líffræðilega fjölbreytni og landslag. Þá er átt við að reynt sé eftir fremsta megni að nýta staðargróður nærliggjandi svæða til að græða upp land þar sem það er hægt. Stofnunin bendir á að sérfræðipækning um nýtingu staðargróðurs (með fræslægjun) er til hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Umhverfisstofnun telur að vert sé að varast ofnýtingu á grasfræjum eða lúpínu við landgræðslu þar sem þær plöntur geti gert innlendum lággróðri erfitt fyrir og haft þar með neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Þá getur uppgræðsla með einhæfum gróðri haft neikvæð áhrif á ásýnd svæða og landslag. Til að stuðla að þessu telur Umhverfisstofnun að verkefninu ættu að fylgja skýrar leiðbeiningar og að sérfræðipækning sé fengin frá stofnunum sem fara með málefni laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, við mótun verkefnis.


Stofnunin bendir einnig á möguleika þess að tengja umrætt þjóðaráttak í landgræðslu við áttak sem mætti hefja við að draga úr urðun lífræns úrgangs og aukna endurnýtingu hans.

Skoða mætti nýtingu lífrænna efna og næringarefna sem falla til sem úrgangur eða seyra sem hægt er að vinna og nýta sem áburð á örfoka land þar sem það er metið öruggt m.t.t. mengunar og útskolunar næringarefna.

Virðingarfyllst



Rakei Kristjánsdóttir
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur